

Strandabyggð
Þórður Már Sigfússon
Höfðagötu 3
510 Hólmavík

Reykjavík 16. desember 2020
UST202012-129/A.B.
10.05.00

Efni: Umsögn - Skógrækt í Steinadal - framkvæmdaleyfi

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Strandabyggðar er barst 14. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um áform um skógrækt á fjórum reitum í landi Steinadals í Strandabyggð.

Í erindinu kemur fram að stærð skógræktarsvæðisins er alls 94,7 ha.

Í greinargerð kemur fram að ekki verður ræktað í votlendi, né verndaðar mýrar. Umhverfisstofnun telur að æskilegt hefði verið, að kort hefði fylgt erindinu, þar sem þau svæði þar sem ekki er fyrirhugað að rækta í væru afmörkuð.

Verndarsvæði

Í greinargerð kemur fram að svæðið er ekki á náttúruminjaskrá, og nýtur engrar sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) www.serstokvernd.ni.is og <http://vistgerdakort.ni.is/> eru votlendi sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 og votlendi sem hefur hátt verndargildi.

Votlendi

Í greinargerð kemur fram að á svæði 1 er komið er upp á hjallann tekur við graslendi, að hluta framræst, milli graslendis fláka eru bleytupollar og moslendi.

Umhverfisstofnun bendir á að á suðvestur hluta svæðis 1, er skilgreint votlendi sem fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, en hægt er að sjá útbreiðslu votlendisins á kortasjá NÍ www.serstokvernd.ni.is.

Auk þess kemur fram í greinargerð að ekki verður ræktað í votlendi né verndaðar mýrar og telur Umhverfisstofnun það jákvætt.

Á svæði 4 er ekki votlendissvæði sem fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga skv. kortasjá NÍ. Hins vegar vill Umhverfisstofnun vekja athygli á að samkvæmt vistgerðarkorti NÍ (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan svæðis 4, votlendisvistgerðin starungsmýravist sem eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.



UMHVERFIS
STOFNUN

Í greinargerð kemur fram að á svæðinu eru mýrar flákar sem munu njóta verndar. Þessi svæði verða sjálfkrafa skóglaus, þar sem tré eiga erfitt uppdráttar á slíkum svæðum og engin áform uppi um að þurrka þau upp.

Bakkagróður

Í greinargerð kemur fram að á svæði 4, er gert ráð fyrir árbakkaskógi. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við framkvæmdir, skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og haga framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson
sérfræðingur